

áskilið um lenging lánsfrestsins, og var því eigi heimild til, án samþykkis áfrýjanda, að vikja frá ákvæðinu um gjalddagann, og þar sem það þó hefir verið gert, verður það að leiða til þess, að áfrýjandi sé laus við ábyrgð á láninu. Það ber því að sýkna hann af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir málavöxtum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson konsúll, á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, bankastjóra Sighvatar Bjarnasonar og Hannesar Hafsteins, fyrir hönd Íslandsbanka í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 5/1917.

Réttvísín
gegn
Páli Benediktssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. sept. f. á., var Páll Benediktsson, bóndi á

Nýjabæ í Vindhælishreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir heimildarlausu töku á tveim kindum til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun 10 kr. til talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar á Syðriey.

Pessum dómi er af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Með játningu ákærða, er styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi kastað eign sinni á hvíthyrnda á fullorðna, eign Jóhanns Jósefs-sonar á Kálfshamri og með marki hans og brenni-marki á hornum, en með eyrnamarki ákærða; kom kind þessi í bæjarekstri að Nýjabæ, heimili ákærða, haustið 1914, og fylgdi ákærði rekstrinum að næsta bæ, Sviðningi. Skýrir hann svo frá, að á leiðinni hafi reksturinn farið saman við fé, sem ýmsir áttu þar í nágrenninu; hafi hann með talsverðri fyrirhöfn getað skilið reksturinn úr fénu og skilað honum að Sviðningi, vitandi eigi annað, en að kindin væri þá í rekstrinum, en degi síðar, er hann smalaði og rak fé sitt heim í hús, hafi kindin verið saman við það, og hafi honum þá orðið það á, að taka ána, sem hann vissi að var eign Jóhanns á Kálfshamri, slátra henni og hagnýta sér hana. Þó telja megí sannað, að umrædd kind hafi eigi verið í rekstrinum, þegar hann kom að Sviðningi, er ekki ástæða til að ve-fengja skýrslu ákærða um það, hvernig kindin kom í vörzlu hans, með því ekkert annað er við rann-

sókn málsins framkomið, er bendi til þess, að ákærði hafi tekið kindina heima hjá sér úr rekstrinum eða slept henni viljandi saman við fé sitt á leiðinni að Sviðningi.

Sama haustið tók ákærði í heimildarleysi lamb, sem átti Carl Berndsen kaupmaður á Hólanesi, slátræði því og hagnýtti sér. Að sögn ákærða var lamb þetta saman við fé hans, þegar hann rak það heim, og vissi hann, að það var eigi eign hans, en síðar athugaði hann á markatöflunni, hver eigandinn var.

Ákærði hefir getið þess, að lambið hafi verið bjagað; að öðru leyti er í málinu engin skýrsla um það, hvers virði kindurnar hafi verið, en héraðsdómarinn hefir vottað, að ákærði hafi greitt að fullu andvirði þeirra.

Ákærði er fæddur 11. marz 1888 og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 250. gr. sbr. 249. gr. hegningarlaganna, og þykir hæfilegt að refsa honum fyrir það með 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hann og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun í héraði, eins og ákveðið er í dómnum, og málsflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Á rannsókn máls þessa og rekstri í héraði hefir orðið allmikill dráttur. Málið var kært fyrir héraðsdómaranum 3. apríl 1915, og barst honum kæran 21. s. m.; rannsókn var þó eigi hafin fyr en 17. júlí og henni lokið 20. nóv. s. á. Eftir það var ekkert gert í málinu fyr en 26. ág. 1916 og var málið þá tekið.

til dóms og síðan dæmt 16. sept. s. á. Héraðsdóm-
arinn hefir gert ítarlega grein fyrir þessum drætti.
Þessi greinargerð þykir ekki með öllu fullnægjandi
og verður að víta hinn langa drátt á málinu, en eigi
þykir þó næg ástæða til að láta hann varða héraðs-
dómarann sekt. Það er og aðfinsluvert, að héraðs-
dómarinn hefir eigi gefið út stefnu til ákærða, en
með því að ákærði fekk sér skipaðan talsmann, er
flutti vörn fyrir hann, var sjálfur viðstaddur dóm-
töku málsins og vildi una við dóminn, virðist eigi
þurfa að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir
verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Benediktsson, á að sæta 3×5
daga fangelsi við vatn og braud og greiða allan
kostnað sakarinnar, í héraði og fyrir yfirdómi,
þar með talin varnarlaun til talsmanns síns í
héraði, Björns hreppstjóra Árnasonar, 10 kr. og
málflutningslaun til sækjanda og verjanda við
yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen
yfírréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að
lögum.